



Námsleið fyrir fangaverði-Áfangar

Markmið

Áfangar-Námsleið fyrir starfandi fangaverði er ætlað að efla fangaverði í störfum sínum, varpa ljósi á mikilvægi fagmennsku og kunnáttu og styrkja persónulega hæfni þeirra. Markmið með náminu er að kynna ytri umhverfi, lög og regluverk. Námsleið Áfanga samanstendur af 17 námskeiðum.

Námsþættir námsleiðar	Lengd
Framtíðarsýn og markmið Fangelsismálastofnunar	2 kst
Efling liðsheildar	8 kst
Fangelsismál á Íslandi	2 kst
Lög um fullnustu refsinga	3 kst
Stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um persónuvernd	6 kst
Meðferðar- og vistunaráætlun	2 kst
Áhrif sjálfsmats á samskipti og gæði í lífi og starfi	4 kst
Lyfjafræði-eiturefnafærði	2 kst
Að takast á við erfiða einstaklinga	8 kst
Streita og starfsprot í starfi fangavarða- áhættuþættir, forvarnir og lausnir	4 kst
Siðfræði og fagmennska í starfi	4 kst
Áfallastjórnun	4 kst
Einelti á vinnustað	4 kst

Starfsmannafundur og gildi þeirra	2 kst
Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur	8 kst
Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn	4 kst
Viðtalstækni	4 kst
Samtals	71 kst

Framtíðarsýn og markmið Fangelsismálastofnunar

Markmið

- Að fangaverðir þekki vel framtíðarsýn og markmið Fangelsismálastofnunar varðandi fullnustu refsinga og geri sér grein fyrir forsendum þess hvernig unnið verði að þeim markmiðum.
- Að fangaverðir fái tækifæri til að spyrja og ræða mál sem á þeim brennur beint við forstjóra.
- Að fangaverðir geri sér grein fyrir þeim markmiðum sem Fangelsismálastofnun vill að höfð séu að leiðarljósi varðandi fullnustu refsidóma og þeim vandamálum helst kunn að koma upp varðandi það að ná þeim fram.
- Að fangaverðir geri sér grein fyrir tillögum stofnunarinnar varðandi framtíðaruppbyggingu fangelsanna með hliðsjón af þeim markmiðum sem stofnunin hefur sett sér.
- Að fangaverðir þekki vel stefnu og framtíðarsýn stofnunarinnar og að vera reiðubúnir til að starfa í anda þeirra.

Námskeiðslengd: 2 kst.

Efling liðsheildar

Markmið

- Að efla starfsanda meðal fangavarða og auka færni þeirra í samskiptum.
- Að þeir öðlist þekkingu á og þjálfist í jákvæðum persónulegum samskiptum og geti þannig byggt upp jákvæðan vinnustað og samheldni

Undirmarkmið

- Skapa traust meðal þátttakenda.
- Auka skilning á þeim atriðum sem ráða árangri í starfi fangavarða.
- Ræða starfsánægju og hvað hægt sé að gera til að auka hana.
- Greina vinnupersónuleika og samskipti þeirra.
- Þekkja eigin vinnupersónuleika, styrkleika og takmarkanir.
- Efla liðsheild.

Námslýsing

Fyrri hluti námskeiðs: Farið í umræður um þau atriði í starfi fangavarða sem mikilvægt er að ná tökum á til að ná árangri. Þátttakendur greina árangursþættina í starfi fangavarða í litlum hópum og ræða síðan sameiginlega með öllum hópnum. Rætt verður um undirliggjandi atriði árangursþátta og stjórnun eigin tilfinninga.

Seinni hluti námskeiðs: Farið yfir kenningu Meredith Belbin um vinnupersónuleika og samskipti samstarfsmanna. Þátttakendur svara stuttum spurningalista sem greinir þeirra vinnupersónuleika. Fluttur verður fyrirlestur um hlutverkin átta og hvernig þau birtast í samskiptum á vinnustað. Þátttakendur greina helstu samstarfsmenn og hver og einn fær endurgjöf frá samstarfsmönnum um sinn vinnupersónuleika.

Námskeiðslengd: 8 kst.

Fangelsismál á Íslandi

Markmið

Að fangaverðir kynnist sögulegri fortíð refsí- og fangelsismála á Íslandi og hvernig áherslur og viðmið hafa breyst.

Námslýsing

Farið verður í sögu refsí- og fangelsismála á Íslandi og skoðað hvernig viðmið hafa breyst. Einnig verður farið í grundvallarhugtök eins og meðferð og refsing og hvernig áherslur hafa breyst. Að lokum er staða fangelsismála skoðuð í nútíð og framtíð og framtíðarrefsivörslukerfið innan og utan fangelsa verður tekið til umræðu

Námskeiðslengd: 2 kst

Lög um fullnustu refsinga

Markmið

Að fangaverðir kynnist lögum um fullnustu refsinga og átti sig á helstu breytingum sem orðið hafa við tilkomu nýrra laga. Að þeir átti sig einnig á hvaða þýðingu lögin hafa fyrir Fangelsismálastofnun og hvaða kröfur lögin gera til starfshátta innan stofnunarinnar.

Námskeiðslengd: 3 kst.

Stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um persónuvernd

Markmið

Að fangaverðir kynnist nokkrum af grundvallarreglum íslenskrar stjórnsýslu og hvaða þýðingu lögin hafa fyrir starfsfólk fangelsa, fanga og Fangelsismálastofnun.

Námslýsing

Farið verður í ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga og laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Farið verður í helstu ákvæði stjórnsýslulaga og tengsl þeirra við störf fangavarða. Einnig verður farið í meðferð persónuupplýsinga, þagnarskyldureglur og meðferð og afhendingu trúnaðarupplýsinga.

Námskeiðslengd: 6 kst.

Meðferðar- og vistunaráætlun

Markmið

Að fangaverðir kynnist hvað felst í afplánunaráætlun og hvernig sú áætlun hefur áhrif á störf þeirra.

Námslýsing

Lögð er áhersla á að fangaverðir þekki til þeirra markmiða sem Fangelsismálastofnun hyggst ná m fram með meðferðar- og vistunaráætlun og hvernig sú áætlun hefur áhrif á störf þeirra.

Námskeiðslengd: 2 kst.

Áhrif sjálfsmats á samskipti og gæði í lífi og starfi

Markmið

Að kynna fangavörðum leiðir til að efla sjálfstraust, samskiptahæfni og leikni til að takast á við margvísleg og krefjandi verkefni í daglegum störfum og daglegu lífi.

Námskeiðslengd: 4 kst.

Lyfjafræði - eiturefnafræði

Markmið

Að fangaverðir þekki til lyfjastefnu Fangelsisins á Litla-Hrauni. Einnig að þeir þekki mismunandi einkenni fíkniefna og hvaða áhrif þau hafa á hegðun neytenda. Fjallað verður um líkamleg áhrif neyslu. Að fangaverðir þekki til fráhrarfseinkenna og hvernig umgangast á fanga sem eru undir áhrifum fíkniefna. Eftir þennan námsþátt eiga þátttakendur að: þekkja í grófum dráttum áhrif hinna mismunandi lyfja sem notuð eru í meðferðartilgangi á Litla-Hrauni kunna skil á ávanamyndandi lyfjum og ólöglegum vímuefnum (róandi lyf, svefnlyf, áfengi, örvandi-, kannabis-, ópíum-og ofskynjunarefni) eiga auðveldar með að átta sig á þeim mun sem er á líðan og framkomu fanga í neyslu eiturlyfja annars vegar og í fráhrarfi hins vegar.

Námskeiðslengd: 2 kst.

Að takast á við erfiða einstaklinga - umgengni við geðsjúka fanga

Markmið

Að fangaverðir öðlist þekkingu og þjálfun á því hvernig þeir geti í starfi sínu tekist á við ýmis geðræn- og hegðunarvandamál fanga.

Eftir námskeiðið eiga þátttakendur að:

- kunna skil á einkennum geðsjúkdóma eins og geðklofa, þunglyndi, oflætis og persónuleikatruflanir
- átta sig á atriðum sem hafa uppbyggjandi áhrif í umgengni við geðsjúklinga
- vita hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð hægt er að nota við atferlistruflunum eins og ofbeldi

Námsleið fyrir fangaverði-Áfangar

Námskeiðslengd: 8 kst

Streita og starfsprot í starfi fangavarða-áhættuþættir, forvarnir og lausnir

Markmið

Að fangaverðir nýti sér námskeiðið til þess að fyrirbyggja streitu og kulnun en auka vellíðan og velgengni.

Undirmarkmið

- Að fangaverðir þekki áhættuþætti og einkenni streitu og kulnunar í fyrsta lagi hvað varðar eigin hugsun, hegðun og lífsstíl og í öðru lagi hvað varðar starfsumhverfið.
- Að fangaverðir hugi að persónulegum forvörnum tengdum hugarfari, hegðun og lífsstíl til þess að stuðla að vellíðan í einkalífi og starfi.
- Að fangaverðir verði virkir í að koma með tillögur að úrbótum í starfsumhverfinu.
- Að fangaverðir þekki varúðarbjöllur streitu- eða kulnunareinkenna, sýni fyrirhyggju áður en í óefni er komið en nýti sér annars leiðir til að bregðast við eftir því sem við á.

Námskeiðslýsing

Fjallað verður um áhættuþætti, þróun, einkenni og afleiðingar streitu og starfsþrots bæði fyrir starfsmann og starfsumhverfi. Um nauðsyn forvarna og fyrirhyggju einstaklinga hvað varðar hugarfar, hegðun og lífsstíl en ekki síður mikilvægi þess að starfsmenn séu virkir við að greina, og benda á hvað má betur fara í starfsumhverfinu til þess að auka eða stuðla að vellíðan og velgengni starfshópsins.

Bent á lausnir hvað varðar viðhorf, hugsun og hegðun sem fangaverðir geta nýtt sér til þess að fyrirbyggja streitu og kulnun en auka vellíðan og velgengni í einkalífi og starfi. Leitast er við að auka skilning fangavarða á því hvernig eigin hugsun og hegðun hefur áhrif á tilfinningar og líðan. Um mikilvægi þess að leita eftir félagslegum stuðningi auk þess að styðja aðra fangaverði, nauðsyn þess að temja sér heilbrigðan lífsstíl og listina að tileinka sér bjartsýnan skýringastíl, æðruleysi en ábyrga hegðun í dagsins önn.

Námskeiðslengd: 4 kst.

Siðfræði og fagmennska í starfi

Markmið

Að nemendur fái innsýn í helstu fræðihugmyndir um markmið refsinga; skerpi meðvitund um hugmyndir manna um réttlæti, verðleika og sannmæli bæði í fræðum og hinu daglega lífi, og nái að heimfæra þessar hugmyndir yfir á eigin raunveruleika eða starfsvettvang. Að efla siðferðismat fangavarða og þeir öðlist skilning á grundvallarhugmyndum siðfræði og siðareglna. Að efla með fangavörðum fagleg viðhorf til starfsins og ýta undir fagmennsku í starfi þeirra.

Námskeiðslýsing

Á námskeiðinu verður farið í nokkrar helstu fræðihugmyndir sem liggja til grundvallar refsingum glæpamanna. Má þar nefna hugmyndir Johns Stuarts Mill og nytjastefnumanna, sem líta svo á að réttlætning fyrir því að refsa glæpamönnum fyrir afbrot (t.d. með fangelsisvist) felist í því að það sé samfélaginu til góðs með einhverjum hætti. Þá er t.d. átt við aukið öryggi almennings þegar glæpamaður hefur verið “fjarlægður” úr samfélaginu.

Námsleið fyrir fangaverði-Áfangar

Algennt er einnig að líta svo á að helsta markmið refsinga sé það að fæla aðra frá afbrotum. Ganga þau rök upp? Enn aðrir telja augljóst að markmiðið skuli vera betrun því það sé bæði gagnlegt samfélaginu og fanganum sjálfum. Heimspekingurinn Immanuel Kant telur réttlætninguna einfaldlega vera þá að þeir sem brotið hafa af sér gagnvart samfélaginu eigi það skilið að þeim sé refsað. Þeir hafi unnið til þess. Þetta er svokölluð Gjaldstefna, betur þekkt í formi hugmyndarinnar “auga fyrir auga og tönn fyrir tönn”.

Námskeiðslengd: 4 kst.

Áfallastjórnun

Markmið

Að kenna fangavörðum rétt viðbrögð við áföllum og fræða þá um mögulegar afleiðingar alvarlegra atburða þannig að þeir verði betur í stakk búnir að takast á við sálrænar afleiðingar áfalla.

Undirmarkmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- átta sig á mikilvægi skipulagðra vinnubragða til að reyna að draga úr líkum á alvarlegum atburðum
- þekkja til mismunandi andlegra og líkamlegra einkenna sem geta birst í kjölfar alvarlegra atburða
- átta sig á að alvarlegir atburðir geta haft mismunandi áhrif og afleiðingar á einstaklinga
- vita til hvaða bjargráða hægt er að grípa til í kjölfar áfalla til að fyrirbyggja áfallastreitu
- ekkja til áfallahjálpar og mikilvægi hennar til að fyrirbyggja áfallastreitu
- kannast við þrjú stig í bataferlinu, þ.e. losun/tæming, mismunandi úrvinnsla (afneitun og endurupplifun) og bata
- átta sig á mikilvægi félagslegs stuðnings vinnufélaga til að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum áfalla

Námskeiðslengd: 4 kst.

Einelti á vinnustað

Markmið

Að efla umræðu og vitund meðal fangavarda um einelti á vinnustað. Vekja athygli á að einelti er til og skapa umræðu um hvaða leiðir er hægt að fara til að takast á við það.

Námskeiðslýsing

Skilgreina einelti og hvað felst í því að vera fórnalamb, gerandi og áhorfandi. Skoða mismunandi birtingarmyndir eineltis á vinnustað. Hvað er hægt að gera þegar kemur upp einelti á vinnustað? Er til áætlun í fangelsum ríkisins um hvernig sé brugðist við einelti meðal starfsmanna?

Námskeiðslengd: 4 kst.

Starfsmannafundur og gildi þeirra

Markmið

Að fangaverðir fái innsýn í hvað einkennir árangursríka fundi og hvernig hægt er að nota þá til að miðla upplýsingum, fyrirbyggja streitu og skapa betri vinnustað.

Námskeiðslengd: 2 kst.

Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur

Markmið

-Yfirmarkmið

- Aukinn skilningur á mikilvægi starfsmannasamtala.
- Aukin innsýn í hvernig starfsmannasamtal gengur fyrir sig og hver er tilgangurinn með því.
- Meira öryggi í samtalinu.

-Undirmarkmið

- Að þátttakendur nýti sér starfsmannasamtalið sem tæki til starfsþróunar.

Námskeiðslýsing

Starfsmannasamtal fer fram a.m.k. einu sinni á ári. Þá setjast stjórnandi og starfsmaður niður til að ræða frammistöðu með skipulögðum hætti. Í samtalinu er m.a. rætt um verkefna- og ábyrgðarsvið starfsmanns, frammistöðu hans, líðan á vinnustað, starfsánægju, stjórnun, samskipti, markmið og hvaðeina annað sem stjórnandi og starfsmaður telja að þurfi að ræða. Í samtalinu gefst einnig færi á að skilgreina fræðsluþarfir starfsmanns á komandi tímabili ásamt óskum um starfsþróun. Í starfsmannasamtali draga stjórnandinn og starfsmaðurinn sig meðvitað út úr hinu daglega amstri og ræða málin í stærra samhengi.

Starfsmannasamtalið er tæki starfsmanns til að hafa áhrif á eigin starf og starfsþróun. Samtalið gerir stjórnandanum kleift að vinna með starfsmanninum að betri árangri og veita honum endurgjöf og hvatningu. Starfsmannasamtalinu er ekki ætlað að koma í stað reglulegrar endurgjafar eða umræðna um málefni líðandi stundar.

Á námskeiðinu er farið í ástæður, undirbúning og framkvæmd starfsmannasamtalsins auk þess sem fjallað er um ávinning þess. Þátttakendur undirbúa og æfa eigið starfsmannasamtal í tveggja manna hópum.

Námskeiðslengd: 8 kst.

Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn

Markmið námskeiðs

-Yfirmarkmið

- Aukinn skilningur á mikilvægi starfsmannasamtala.
- Aukin innsýn í hvernig starfsmannasamtal gengur fyrir sig og hver er tilgangurinn með því.
- Meira öryggi í samtalinu.

Undirmarkmið

- Að þátttakendur nýti sér starfsmannasamtalið sem tæki til starfsþróunar

Námslýsing

Starfsmannasamtöl eru árangursríkt tæki til stjórnunar og skipulagningar á starfsþróun og endur- og símenntun. Það á bæði við um starfsmenn og stjórnendur!! Starfsmannasamtal fer fram a.m.k. einu sinni á ári. Þá setjast stjórnandi og starfsmaður niður til að ræða frammistöðu með skipulögðum hætti. Í samtalinu er m.a. rætt um verkefna- og ábyrgðarsvið starfsmanns, frammistöðu hans, líðan á vinnustað, starfsánægju, stjórnun, samskipti, markmið og hvaðeina annað sem stjórnandi og starfsmaður telja að þurfi að ræða. Í samtalinu gefst einnig færi á að skilgreina fræðsluþarfir starfsmanns á komandi tímabili ásamt óskum um starfsþróun. Í starfsmannasamtali draga stjórnandinn og starfsmaðurinn sig meðvitað út úr hinu daglega amstri og ræða málin í stærra samhengi.

Starfsmannasamtalið er tæki starfsmanns til að hafa áhrif á eigin starf og starfsþróun. Samtalið gerir stjórnandanum kleift að vinna með starfsmanninum að betri árangri og veita honum endurgjöf og hvatningu. Starfsmannasamtalinu er ekki ætlað að koma í stað reglulegrar endurgjafar eða umræðna um málefni líðandi stundar.

Á námskeiðinu er farið í ástæður, undirbúning og framkvæmd starfsmannasamtalsins auk þess sem fjallað er um ávinning þess. Þátttakendur undirbúa og æfa eigið starfsmannasamtal í tveggja manna hópum.

Kennsluaðferðir

Fyrirlestur

Umræður

Æfingar

Hlutverkaþjálfun.

Virk þátttaka

Námskeiðslengd: 4 kst.

Viðtalstækni

Markmið

Markmið námskeiðsins er að kynna fyrir fangavörðum grundvallarhugtök viðtalstækni og hvernig þau eru notuð í samskiptum og hvers vegna. Siðfræði og valdamunur eru þættir sem hafa það markmið í viðtalstækni að einstaklingar njóti virðingar en geri sér um leið grein fyrir þeim valdamun sem er í viðtölum. Samtöl, líkamstjáning og hlustun eru hugtök sem áhersla er lögð á. Lausnarmiðuð hugsun er líklegri til að skila árangri en vandamálamiðuð hugsun því er lögð áhersla á að styrkja hana. Leiðir að markmiðunum eru margar en þær helstu verða kynntar með fyrirlesturum, verkefnum og umræðum. Verkefni eru mikilvægt tæki til að tileinka sér nýja hugsun og aðferðir. Áhersla er á að tengja fræði og fag með umræðum og dæmum úr veruleika þátttakenda.

Námskeiðslengd: 4 kst.